



Samstarfsnefnd Menntaskólans við Sund og félagsmanna í SFR – stéttarfélag í almannajónustu, gera með sér eftirfarandi samkomulag um breytingu á stofnanasamningi aðila

Samkomulag þetta er gert með tilvísan í ákvæði miðlægs kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra um þróun og aðlögun á stofnanasamningi með gildistíma frá 1. maí 2007.

Aðilar eru sammála um að það fjármagn sem ætlað er í þessa breytingu (2% + 1,2%) verði ráðstafað með neðangreindri breytingu á grunnröðun starfa félagsmanna í SRF sem starfa við Menntaskólann við Sund. Aðilar eru sammála um að þessi breyting grunnröðunar taki gildi frá og með 1. september 2007 en ekki 1. maí 2007 eins og gert var ráð fyrir í samningi SFR og fjármálaráðherra.

Breyting á grunnröðun starfa

Samkomulag er um að breyta grunnröðun starfa með eftirfarandi hætti frá og með 1. septmeber 2007;

Starf	Grunnröðun ágúst 2007	Grunnröðun frá 1. september 2007
Baðvörður	05	07
Fulltrúi á skrifstofu	09	12
Skrifstofustjóri	13	15
Rekstrarstjóri	14	16

Kostnaðarmat

Aðilar eru sammála um að áður nefnd breyting grunnröðunar frá og með 1. september 2007 jafngildir á árinu 2007 að fullu 3,2% meðalhækkun launa með gildistíma frá og með 1. maí 2007. Aðilar eru jafnframt sammála um að áður nefnd breyting grunnlauna skili félagsmönnum SFR sem starfa við MS betri kjörum þegar litið er til lengri tíma.

Reykjavík 24. ágúst 2007,

Fyrir hönd félagsmanna í SFR

Sigurður Þorgeirsson
Þorbjörn Þórunnsson

Fyrir hönd Menntaskólans við Sund

Matthías Hjelm
Hjördís Þorgeirsdóttir